

## Úrskurður 4/2006.

Kærður er úrskurður tollstjóra um endurákvöðun aðflutningsgjalda af 25 vörusendingum er innihéldu efni til svart/hvítrar ljósmyndavinnslu. Kærandi krefst þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og aðflutningsgjöld endurgreidd. Ríkistollanefnd felldi úr gildi úrskurð tollstjóra.

Með bréfi, dags. 9. október 2006. kærir G, f.h. L., úrskurð tollstjóra. Kæran er til komin vegna ágreinings um tollflokkun og álagningu spilliefnagjalds á vörur og efni til svart/hvítrar ljósmyndavinnslu. Innflutningurinn fór fram á árunum 2002 til 2005 í alls 25 vörusendingum. Kærandi krefst þess aðallega að úrskurður tollstjóra verði felldur úr gildi og að tollstjóri verði úrskurðaður til að endurgreiða kæranda kr. 2.427.362,00 með dráttarvöxtum og greiddum virðisaukaskatti frá 26. ágúst til greiðsludags. Til vara krefst kærandi endurgreiðslu á kr. 421.020,00 auk dráttarvaxta og greiddum virðisaukaskatti frá greiðsludegi 26. ágúst 2006.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að með bréfi dags. 18.07.2005, hafi fyrirtækinu verið gerð grein fyrir því að fyrirhugaður væri úrskurður um endurákvörðun aðflutningsgjalda vegna eftirfarandi sendinga:

E BRU 14 01 2 GB IMM W703	E SEL 17 02 3 GB IMM W006
E SEL 08 11 4 GB IMM W013	E LAG 08 03 5 GB IMM W015
E LAG 24 01 5 GB IMM W071	E SEL 15 04 2 GB IMM W022
E BRU 06 05 2 GB IMM W019	E SEL 22 12 3 GB IMM W024
E SEL 16 02 4 GB IMM W003	E SEL 15 03 4 GB IMM W036
E SEL 13 09 4 GB IMM W067	E LAG 17 05 4 GB IMM W074
E SEL 24 05 4 GB IMM W063	E SEL 17 03 3 GB IMM W028
E SEL 28 04 3 GB IMM W056	E SLE 09 06 3 GB IMM W060
ESEL 04 08 3 GB IMM W031	E BRU 22 09 3 GB IMM W010
E SEL 10 11 3 GB IMM W018	E SEL 08 07 2 GB IMM W014
E BRU 29 07 2 GB IMM W513	E BRU 23 09 2 GB IMM W031
ESEL 39 10 2 GB IMM W055	E BRU 16 12 2 GB IMM W050
E SEL 14 10 2 GB IMM W010	

Fyrirsvarsmönnum fyrirtækisins var gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum og framvísa gögnum sem máli kynnu að skipta. Forsvarsmaður fyrirtækisins gerði ýmsar athugasemdir við fyrirhugaða endurákvörðun og lutu þær helst að þyngd vörunnar og tollflokkun hennar.

Tollstjóri tilkynnti fyrirtækinu með bréfi dags. 21.09.2005 að við vinnslu málsins hefðu ýmsar nýjar upplýsingar komið fram sem yllu því að tafir yrðu á niðurstöðu af hálfu tollstjóra, sem og í ljósi þess hversu viðamikil málið væri. Beðist er velvirðingar á þeim óþægindum sem þetta kann að hafa haft í för með sér fyrir fyrirtækið og tekið verður tillit til þessa við álagningu dráttarvaxta.

Með bréfi embættis tollstjóra, dags. 30.06. 2006, var fyrirtækinu að nýju gerð grein fyrir því að fyrirhugaður væri úrskurður um endurákvörðun aðflutningsgjalda vegna

sömu sendinga. Var fyrirvarsmönnum fyrirtækisins að nýju gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum og framvísa gögnum sem máli kynnu að skipta.

Í kjölfarið barst embættinu bréf frá fyrirtækinu, dags. 14. júlí 2006, þar sem sett eru fram eftirfarandi mótmæli við fyrirhuguðum úrskurði tollstjóra um endurákvörðun aðflutningsgjalda. Þar er bent á að frá upphafi starfsemi Sorpu og til aprílloka 2006, hafi verið krafist greiðslu fyrir förgun allra plast-, pappírs- og pappaumbúða, sem innflytjendur og aðrir hafa skilað til fyrirtækisins. Því séu áform tollstjóra um að bæta umbúðum, í þessu tilfelli umbúðum á framköllunarefni, krafa um tvígreiðslu úrvinnslugjalds fyrir sömu umbúðirnar. Þá mótmælir innflytjandi því að Fixer efni séu flokkuð í tnr. 3703.9035 en ekki tnr. 3707.9034 eins og gert hafi verið. Miðað sé við hámarksþynningu efnanna en hún sé notuð í örfáum undantekningartilfellum.

Af þessu leiði að túlkun tollstjóra um hámarksvatnsblöndun efna tekur ekki tillit til raunveruleikans, né ákvæða 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 um meðalhófsreglu.

Kröfu tollstjóra um dráttarvexti er mótmælt og telur innflytjandi að tollstjóri hafi stórlega vanrækt skyldur sínar samkvæmt stjórnsýslulögum nr. 37/1993, sbr. ákvæði 7. gr. um leiðbeiningarskyldu. Þá er minnt á ákvæði 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 um meðalhófsreglu.

Þá segir í úrskurði tollstjóra að ástæða fyrir úrskurði um endurákvörðun aðflutningsgjalda, að teknu tilliti til framangreindra mótmæla fyrirtækisins, séu eftirfarandi:

Farið hefur fram vigtun af hálfu tollstjóra á sýnishornum þeirra þurrefna sem um er deilt í þessu máli. Niðurstöður vigtunarinnar eru eftirfarandi:

- Varan ID II dev rep., 2,5 lítrar, vó 299gr. samkvæmt mótmælum fyrirtækisins. Að vigtun lokinni var niðurstaða tollstjóra sú að varan vegur **339 gr.**
- Varan ID II, 1 lítri vó 114gr. samkvæmt mótmælum fyrirtækisins. Að vigtun lokinni af var niðurstaða tollstjóra sú að varan vegur **154 gr.**
- Varan ID II, 5 lítra vó 570gr. samkvæmt mótmælum fyrirtækisins. Að vigtun lokinni af var niðurstaða tollstjóra sú að varan vegur **610 gr.**
- Varan Microphen, 2,5 lítrar vó 299gr. samkvæmt mótmælum fyrirtækisins. Að vigtun lokinni af var niðurstaða tollstjóra sú að varan vegur **339 gr.**
- Varan Perceptol, 1 lítri vó 191gr. samkvæmt mótmælum fyrirtækisins. Að vigtun lokinni af var niðurstaða tollstjóra sú að varan vegur **231 gr.**
- Varan Ilfofix, 1 lítri vó 235gr. samkvæmt mótmælum fyrirtækisins. Að vigtun lokinni af var niðurstaða tollstjóra sú að varan vegur **275 gr.**
- Varan Bromophen, 1 lítri vó 130gr. samkvæmt mótmælum fyrirtækisins. Að vigtun lokinni af var niðurstaða tollstjóra sú að varan vegur **170 gr.**

Af þessu má sjá að við þær þyngdir, sem fyrirtækið gaf upp í fyrrnefndum tölvupósti sínum, dags. 26.07. s.l., bætast 40 gr. í öllum tilfellum.

Dregur tollstjóri hér með áður gerðar athugasemdir sínar til baka, sbr. bréf þess dags. 18. 07.2005, þess efnis að þurrefni skuli vegin sem 0,5 kg. á hvern 1 lítra. Er það mat tollstjóra að leggja skuli framangreindar niðurstöður vigtunar, sem fram fór að hálfu tollstjóra, nánar tiltekið þær þyngdir sem fyrirtækið gaf upp, sundurliðaðar, í bréfi

sínu þann 26.07.2005, að viðbættum 40 gr. við hverja þyngd, til grundvallar við úrskurð um endurákvörðun aðflutningsgjalda með eftirfarandi rökstuðningi:

Fyrirtækinu var tilkynnt um niðurstöður vigtunar tollstjóra með tölvupósti þann 25.08.2005. Í kjölfarið lagði fyrirtækið fram mótmæli, með tölvupósti dags. 26.08.2005, þess efnis að framköllunarefni, eins og þau sem um er deilt í máli þessu, komi í tvöföldum umbúðum. Ef um sé að ræða framköllunarefni í formi vökva, sé vökvinn í plastbrúsa og pappakassa utan um og ef um sé að ræða framköllunarefni í formi þurrefnis, nánar tiltekið duft, þá sé duftið í plastpoka og pappakassa utan um. Að sögn fyrirtækisins taki spilliefnamóttaka Sorpu ekki á móti pappakassanum utan af vörunni, heldur vísar þeim til almennrar móttöku Sorpu og innheimtir förgunargjöld af þeim. Er það mat fyrirtækisins að ákvæði 2. gr. reglugerðar nr. 1124/2005 um úrvinnslugjald, nái einungis til innri umbúða, plastpokans, en ekki þeirra ytri, pappakassans í þessu tilfalli. Í 2. gr. áðurnefndar reglugerðar nr. 1124/2005 um úrvinnslugjald segir að gjaldstofn úrvinnslugjalds skuli miðast við stykkjatölu eða þyngd í kílógrömmum hinnar gjaldskyldu vöru *ásamt smásöluumbúðum*. Ef gjaldskyld vara sé hluti af annarri vöru miðist gjaldstofn við heildarþyngd gjaldskyldu vörunnar. Þá segir ennfremur í ákvæðinu að ef um sé að ræða umbúðir með gjaldskyldri vöru, sem *eingöngu séu notaðar til flutnings hennar* og ekki eru smásöluumbúðir, skuli þyngd þeirra ekki reiknuð með við ákvörðun gjaldstofns.

Sú vara sem deilt er um hér, þurrefni í formi dufts, er pakkað í plastpoka og pappakassa þar utan um eins og áður segir. Varan er seld í pappakössunum og verða *smásöluumbúðir* vörunnar því að teljast vera plastpokinn og pappakassinn þar utan um. Þessu til enn frekari stuðnings má vísa til a. liðs. 7. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 162/2002 um úrvinnslugjald en þar eru hugtökin umbúðir, söluumbúðir eða grunnumbúðir skilgreind. Þannig eru umbúðir allar vörur, af hvaða tegund sem er og úr hvaða efni sem er, sem eru notaðar við þökkun, verndun, meðhöndlun og afhendingu framleiðsluvöru, hvort sem þar er um að ræða hráefni eða fullunna vöru, til notanda eða neytanda, nánar tiltekið söluumbúðir eða grunnumbúðir, þ.e. *umbúðir sem eru þannig gerðar að á sölustað mynda þær sölueiningu fyrir notanda eða neytanda*. Í ljósi þessa er það mat tollstjóra að 2. gr. reglugerðar nr. 1124/2005 um úrvinnslugjald nái bæði til plastpokans og pappakassans utan um þurrefnið í máli þessu. Greiða ber því úrvinnslugjald af þyngd vörunnar í heild, eins og hún vegur í pappakassanum.

Í 6. tl. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 162/2002 um úrvinnslugjald segir að úrvinnslugjald skuli leggja á eftirtalda vöruflokka, eins og nánar er kveðið á um í viðaukum við lögin, þ.á.m. vörur til ljósmyndaiðkunar: sbr. viðauka XII, en viðauki XII kveður á um tollskrárflokkun. Við flokkun til gjaldskyldu samkvæmt lögunum skal fylgt flokkunarreglum tollalaga, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga um úrvinnslugjald.

#### **a) Washaid:**

- ILFORD WASHAID is a hypo-eliminator formulated to aid the efficient removal of the thiosulphate by products of fixation by ion exchange. It is particularly useful in speeding up the washing of fibre based papers and is designed to be used with the ILFORD optimum permanence sequences. It can be used to aid the rapid washing of all ILFOD films and fibre papers saving both time and water. It is particularly useful if hardening fixer has been used.
- ...However wash water from photo processors, which contains very small amounts of photo chemicals carried over from the processing tanks, can

usually be discharged to the sewer... Photographic wash water CODs are low enough to be safely handled by your water treatment plant...

Samkvæmt áðurgreindum upplýsingum sem tollstjóri aflaði af heimasíðu framleiðanda efnisins er efnið sérstaklega hannað til notkunar með Ilford hagstæðasta varanlega samhenginu. Um er að ræða eins konar *skolbað*, sem er við notkun mjög lítið blandað.

Tollstjóri hefur aflað upplýsinga um svokölluð *vætiefni*. Samkvæmt þeim upplýsingum er vætiefni (stabilizer) *skolbað* (eins konar sápulögur) oft blandað 1 hluti efnis á móti 200 hlutum vatns eða meira og er notað til að jafna þurrkun á pappír eða filmum. Vætiefni (stabilizer) er notað eftir að filma hefur farið í gegnum öll önnur viðeigandi efni við framköllun og áður en filma eða pappír fer inn í þurrkara. Í ljósi þessa er það mat tollstjóra að efnið *Washaid* skuli tollflokkað sem vætiefni (stabilizer) í tollskrárnúmer 3707.9010, sbr. lýsing í kafla II. Dregur tollstjóri hér með áður gerðar athugasemdir sínar til baka, sem fram komu í bréfi þess dags. 18.07.2005, þess efnis að *Washaid* skuli flokkast í tollskrárnúmer 3707.9034, sbr. lýsing í kafla V.

**(b) Ilfotol:**

- ILFORD ILFOTOL is a non-ionic wetter agent used as a final rinse before drying films. It can be used in all manual and machine processes to aid rapid even drying and so greatly reduce the risk of drying marks being formed. ILFOTOL can also be used as a final rinse before drying fibre based prints, again it can be used to clean glass and plastic lenses and filters and as an anti-static treatment.

Samkvæmt áðurgreindum upplýsingum sem tollstjóri aflaði af heimasíðu framleiðanda efnisins og fyrrnefndum upplýsingum sem tollstjóri aflaði um vætiefni, er um að ræða *skolefni*, nánar tiltekið vætiefni (wetter agent) til loka skolunar (final rinse) áður en filma er þurrkuð. Í ljósi þessa er það mat tollstjóra að efnið *Ilfotol* skuli tollflokkað sem vætiefni (stabilizer) í tollskrárnúmer 3707.9010, sbr. lýsing í kafla II. Dregur tollstjóri hér með áður gerðar athugasemdir sínar til baka, sem fram komu í bréfi þess dags. 18.07. 2005, þess efnis að *Ilfotol* skuli flokkast í tollskrárnúmer 3707.9035, sbr. lýsing í kafla II.

**(c) Ilfostop:**

- Ilford Ilfostop is a low odour citric acid stop bath. After development we recommend that films and papers are rinsed in an acid stop bath to stop development immediately and neutralise the developer to help maintain the activity of the fixer bath.

Samkvæmt áðurgreindum upplýsingum sem tollstjóri aflaði af heimasíðu framleiðanda efnisins er um að ræða *sýrubað* (acid stop bath), blandað 1/19 með vatni og notað til að stöðva framköllun áður en filma eða pappír er sett í svokallaðan fixer. Í ljósi þessa og annars framangreinds er það mat tollstjóra að ekki sé rétt að Ilfostop skuli flokkast sem vætiefni (stabilizer) í tollskrárnúmer 3707.9010. Dregur tollstjóri hér með áður gerðar athugasemdir sínar til baka, sem fram komu í bréfi þess dags. 18.07.2005, þess efnis að *Ilfostop* skuli flokkast í tollskrárnúmer 3707.9035, sbr. lýsing í kafla II.

Ákvæði 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, kveður á um heimildir tollstjóra til endurákvörðunar aðflutningsgjalda. Í 1. mgr. greinarinnar segir að tollstjóri skuli í samræmi við ákvæði greinarinnar endurákværða innflytjanda

aðflutningsgjöld ef í ljós kemur að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Samkvæmt 3. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga er tollstjóra heimilt að endurákværða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi, þegar um SMT-tollafgreiðslu er að ræða, enda sé gætt ákvæði 3. og 4. mgr. greinarinnar, eftir því sem við á. Þá ber innflytjandi, eigandi eða annar aðili, sem afhendir tollstjóra skriflega aðflutningsskýrslu eða veitir upplýsingar með öðrum hætti vegna tollafgreiðslu vöru, ábyrgð á því að þær upplýsingar séu réttar samkvæmt 2. mgr. 16. gr. tollalaga.

Tilkynningar um setningu nýrra laga eða breytingar á gildandi lögum eru ekki hluti af leiðbeiningarskyldu stjórnvalda samkvæmt 7. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, með síðari breytingum. Um birtingu laga og annarra stjórnvaldsfyrirmæla gilda lög nr. 15/2005 um Stjórnartíðindi og Lögbirtingarblað, en um réttaráhrif birtingar á lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og samningum við önnur ríki segir í 2. mgr. 8. gr. laganna að birt fyrirmæli skulu binda alla frá og með deginum eftir útgáfudag þeirra Stjórnartíðinda þar sem fyrirmælin voru birt ef þau geyma ekki aðrar ákvarðanir um gildistöku sína. Um gildistöku laga nr. 56/1996 um spilliefnagjald segir í 13. gr. laganna að lög þessi öðlist þegar gildi en komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1997. Um gildistöku laga nr. 162/2002 um úrvinnslugjald segir í 1. mgr. 22. gr. laganna að lögin skuli öðlast gildi 1. janúar 2003 og frá sama tíma falli úr gildi lög nr. 56/1996 um spilliefnagjald.

Um álagningu dráttarvaxta vegna vangreiddra aðflutningsgjalda er fjallað í ákvæði 6. mgr. 99. gr. tollalaga, með síðari breytingum, en ákvæðið kveður á um að um greiðslu dráttarvaxta af vangreiddum aðflutningsgjöldum gildi ákvæði laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Ákvæði 6. mgr. 99. gr. tollalaga er skyldutökuákvæði dráttarvaxta og á því eru engar undantekningar. Þá segir í 3. mgr. 12. gr. laga nr. 162/2002 um úrvinnslugjald og 3. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 501/2003 um úrvinnslugjald að sé gjald ekki greitt innan mánaðar frá gjaldaga skuli gjaldandi greiða dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Segir þá enn fremur að um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fari eftir lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Á grundvelli þess að engar undantekningar eru á framangreindum lagaákvæðum um álagningu og innheimtu dráttarvaxta hafnar tollstjóri því hér með að falla frá álagningu dráttarvaxta á vangreiddum aðflutningsgjöldum vegna framangreindra sendinga. Þá ber auk þess að gæta almennra jafnræðisreglna skatta- og stjórnarsýsluréttar við úrlausn þessa máls. Fyrirtækinu er bent á að skv. 26. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 er heimilt að kæra ákvörðun um álagningu dráttarvaxta til æðra stjórnvalds, í þessu tilviki fjármálaráðuneytisins. Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun, nema lög mæli á annan veg, sbr. 1. mgr. 27. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993

Í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 162/2002 um úrvinnslugjald er kveðið á um gjaldskylda aðila til greiðslu úrvinnslugjalds. Samkvæmt 1. og 2. tl. 1. mgr. greinarinnar hvílir skylda til að greiða úrvinnslugjald samkvæmt lögnum m.a. á öllum þeim sem flytja til landsins gjaldskyldar vörur samkvæmt lögnum bæði til endursölu og eigin nota. Í 2. mgr. 9. gr. segir enn fremur að gjaldskyldan taki til allra framleiðenda og innflytjenda. Í 1. málsl. 10. gr. laganna er kveðið á um að tollstjóri skuli annast álagningu og innheimtu gjalds af gjaldskyldum innfluttum vörum og *skal það innheimt með aðflutningsgjöldum*. Í ljósi þessara settu lagareglna hefur það ekki áhrif í þessu máli hvernig framkvæmd innheimtu spilliefnagjalda er annars staðar í Evrópu.

Um tollflokkingu vöru gilda túlkunarreglur tollskrár. Íslenska tollskráin hefur lagagildi hér á landi, sbr. 4. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, jafnframt því sem

hún er hluti af alþjóðasamningum sem Ísland er skuldbundið af að þjóðarrétti. Tollflokkun er því lögbundin ekki valkvæð. Það hvernig vara er notuð eftir innflutning, í þessu tilfelli hvernig hún er í raun blönduð, hefur ekki þýðingu þegar kemur að ákvörðun um toll-flokkun hennar. Fyrir gildistöku laga nr. 162/2002 um úrvinnslugjald og reglugerðar nr. 501/2003 um úrvinnslugjald voru í gildi lög nr. 56/1996 um spilliefnagjald og reglugerð nr. 578/2000 um álagningu spilliefnagjalds. Reglugerð nr. 501/2003 var felld úr gildi með reglugerð nr. 1124/2005 um úrvinnslugjald, en 2. gr. nýju reglugerðarinnar er samhljóða þeirri eldri.

Engin frekari gögn hafa verið lögð fram af hálfu fyrirtækisins til stuðnings því að um óumbeðna auglýsingabæklinga hafi verið að ræða í sendingu E SEL 17 02 3 BG IMM W006. Að því virtu getur tollstjóri ekki lagt skýringar fyrirtækisins til grundvallar endurákvörðun aðflutningsgjalda að svo stöddu.

Tollstjóri tilgreinir sendingarnar í úrskurði sínum og þær breytingar á gjöldum er breytt tollflokkun orsakar:

### **E BRU 14 01 2 GB IMM W703**

Að mati tollstjóra, hefur fyrirtækið, ranglega tollflokkað efnasambönd, *item nr. 1758340, 1960457, 1960518, 1960529, 1756948, 19605630, 1906051, 1975554, 1975453, 1905153, 1893870, 1758625*, á reikningi nr. 10003679, í sendingu E BRU 14 01 2 GB IMM W703 í tollskrárnúmer 3707.9031, sbr. lína 4 á aðflutningsskýrslu. Tollskrárnúmer 3707.9031 er samkvæmt tollskrá: Kemísk framleiðsla til ljósmyndunar (þó ekki lökk, lím, heftiefni og áþekk framleiðsla); óblandaðar vörur til ljósmyndunar í afmældum skömmtum eða smásöluumbúðum tilbúnar til notkunar: - Annað: -- Annars:

--- Upplausnir: ---- Þynntar með vatni fyrir notkun: ----- Í rúmmálshlutföllum minna en 1:2 (einn hluti kemísku efnis, minna en tveir hlutar vatns).

Að mati tollstjóra hefur fyrirtækið í sömu sendingu einnig ranglega tilgreint nettóþyngd sendingarinnar í aðflutningsskýrslu sem 27 kg. Tollstjóri reiknar nettóþyngd út sem 1 lítra = 1 kg (þykkni með umbúðum) og fram fór vigtun á þurrefnum (duft með umbúðum).

Rétt tollskrárflokkun að mati tollstjóra fyrir *item nr. 1905153 og 1758625 (stabilizer)* er tollskrárnúmer **3707.9010**, n.t.t. kemísk framleiðsla til ljósmyndunar (þó ekki lökk, lím, heftiefni og áþekk framleiðsla); óblandaðar vörur til ljósmyndunar í afmældum skömmtum eða smásöluumbúðum tilbúnar til notkunar: - Annað: -- Vætiefni (Stabilzer) til ljósmyndunar.

Munurinn á gjöldum samkvæmt tollskrárflokkum þessum er sá að á tollskrárnúmeri 3707.9031 hvílir 24,5% virðisaukaskattur samkvæmt lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, með síðari breytingum auk 48,75 kr. úrvinnslugjald samkvæmt reglugerð 578/2000 um álagningu spilliefnagjalds, með síðari breytingum, sbr. lög 56/1996 um spilliefnagjald. Á tollskrárnúmeri **3707.9010** hvílir hins vegar ekkert spilliefnagjald, einungis 24,5% virðisaukaskattur. Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá.

Rétt tollskrárflokkun að mati tollstjóra fyrir *item nr. 1893870, 1758340, 1906051, 1975554 og 1975453* er tollskrárnúmer **3707.9035**, n.t.t. kemísk framleiðsla til ljósmyndunar (þó ekki lökk, lím, heftiefni og áþekk framleiðsla); óblandaðar vörur til ljósmyndunar í afmældum skömmtum eða smásöluumbúðum tilbúnar til notkunar: - Annað: -- Annars: --- Upplausnir: ---- Þynntar með vatni fyrir notkun: ----- Í

rúmmálshlutföllum 1:5 eða meira (einn hluti kemísku efnis, fimm hlutar vatns eða meira.

Munurinn á gjöldum samkvæmt tollskrárflokkum þessum er sá að á tollskrárnúmeri 3707.9031 hvílir sem áður segir 24,5% virðisaukaskattur samkvæmt lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, með síðari breytingum auk 48,75 kr/kg úrvinnslugjald samkvæmt reglugerð 578/2000 um álagningu spilliefnagjalds, með síðari breytingum, sbr. lög 56/1996 um spilliefnagjald. Á tollskrárnúmeri **3707.9035** hvílir hins vegar 24,5% virðisaukaskattur auk 234 kr/kg úrvinnslugjald. Rétt nettóþyngd að mati tollstjóra er **77 kg**.

Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá sem og athugasemd 2 við flokk VI. bls. 135 og túlkunarreglu 3c við tollskrá vegna ítem nr. 1905153.

Rétt tollskrárflokkun að mati tollstjóra fyrir *item nr. 1960530, 1960518, 1960529, 1960457 og 1756948 (duft)* er tollskrárnúmer **3707.9099**, n.t.t. kemísk framleiðsla til ljósmyndunar (þó ekki lökk, lím, heftiefni og áþekk framleiðsla); óblandaðar vörur til ljósmyndunar í afmældum skömmtum eða smásöluumbúðum tilbúnar til notkunar: - Annað: -- Annars: --- Annað: ---- Annars.

Munurinn á gjöldum samkvæmt tollskrárflokkum þessum er sá að á tollskrárnúmeri 3707.9031 hvílir sem áður segir 24,5% virðisaukaskattur samkvæmt lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, með síðari breytingum auk 48,75 kr/kg úrvinnslugjald samkvæmt reglugerð 578/2000 um álagningu spilliefnagjalds, með síðari breytingum, sbr. lög 56/1996 um spilliefnagjald. Á tollskrárnúmeri **3707.9099** hvílir hins vegar 24,5% virðisaukaskattur auk 234 kr/kg úrvinnslugjald. Rétt nettóþyngd að mati tollstjóra er **19 kg**. Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá.

Upphæð vangreiddra aðflutningsgjalda vegna sendingar númer E BRU 14 01 2 GB IMM W703 er sem hér segir:

Úrvinnslugjald.....	21.772,00 íkr.
24,5% Virðisaukaskattur.....	5.334,00 íkr.
Dráttarvextir til 30.8.2005.....	23.763,00 íkr.
<b>Samtals</b>	<b>50.869,00 íkr.</b>

#### **E SEL 17 02 3 GB IMM W006**

Að mati tollstjóra, hefur fyrirtækið, ranglega tollflokkað efnasambönd, n.t.t. *item nr. 1984253, 1984262, 1984565, 1757855, 1893870, 1960457 og 1905153*, á reikningi nr. 10005109, í sendingu E SEL 17 02 3 GB IMM W006 í tollskrárnúmer 3707.9031, sbr. lína 4 á aðflutningsskýrslu. Um lýsingu á tollskrárnúmeri 3707.9031 samkvæmt tollskrá vísast til II. kafla.

Að mati tollstjóra hefur fyrirtækið í sömu sendingu einnig ranglega tilgreint nettóþyngd sendingarinnar í aðflutningsskýrslu sem 27 kg. Tollstjóri reiknar nettóþyngd út sem 1 lítra = 1 kg (þykkni með umbúðum) og fram fór vigtun á þurrefnum (duft með umbúðum).

Að mati tollstjóra hefur fyrirtækið í sömu sendingu ranglega tilgreint Bretland (GB) sem upprunaland vöru á tollskrárnúmeri 4802.6200, sbr. lína 5 á aðflutningsskýrslu. Samkvæmt þeim reikningi sem embættinu barst vegna umræddrar sendingar er rétt upprunaland Sviss (CH) á umræddri línu aðflutningsskýrslu.

Að mati tollstjóra hefur fyrirtækið í sömu sendingu ranglega tilgreint heildarfjárhæð skýrslu sem GBP 4.391,16. Samkvæmt þeim reikningi (bls. 6) sem embættinu barst vegna umræddrar sendingar er rétt heildarfjárhæð alls GBP 4.602,90. Stafar þetta af *free of charge goods – value for customs purpose GBP 283,74*, en engar nánari upplýsingar fengust hjá innflytjanda vegna þessarar vöru.

Rétt tollskrárflokkun að mati tollstjóra fyrir *item nr. 1905153 (stabilizer)* er tollskrárnúmer **3707.9010**, sbr. lýsing í II. kafla. Um muninn á gjöldum samkvæmt tollskrárflokkum þessum vísast til framangreinds í kafla II. Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá.

Rétt tollskrárflokkun að mati tollstjóra fyrir *item nr. 1984253, 1984262, 1984565, 1757855 og 1893870*, er tollskrárnúmer **3707.9035**, sbr. lýsing í II. kafla.

Um muninn á gjöldum samkvæmt tollskrárflokkum þessum vísast til framangreinds í kafla II. Rétt nettóþyngd að mati tollstjóra er **225 kg**. Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá sem og athugasemd 2 við flokk VI. bls. 135 og túlkunarreglu 3c við tollskrá vegna *item 1905153*.

Rétt tollskrárflokkun að mati tollstjóra fyrir *item nr. 1960457 (duft)* er tollskrárnúmer **3707.9099**, sbr. lýsing í II. kafla. Um muninn á gjöldum samkvæmt tollskrárflokkum þessum vísast til framangreinds í kafla II. Rétt nettóþyngd að mati tollstjóra er **5 kg**.

Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá.

Upphæð vangreiddra aðflutningsgjalda vegna sendingar númer E SEL 17 02 3 GB IMM W006 er sem hér segir:

Úrvinnslugjald.....	58.102,00 íkr.
24,5% Virðisaukaskattur.....	14.235,00 íkr.
Dráttarvextir til 30.8.2005.....	37.883,00 íkr.
<b>Samtals</b>	<b>110.220,00 íkr.</b>

### **E SEL 08 11 4 GB IMM W013**

Að mati tollstjóra, hefur fyrirtækið, ranglega tollflokkað efnasambönd, n.t.t. *item nr. 1976360* á reikningi nr. 20000131 og *item nr. 1893869* á reikningi nr. 20000132, í sendingu E SEL 08 11 4 GB IMM W013 í tollskrárnúmer 3707.9031, sbr. lína 4 á aðflutningsskýrslu. Um lýsingu á tollskrárnúmeri 3707.9031 samkvæmt tollskrá vísast til II. kafla.

Að mati tollstjóra hefur fyrirtækið í sömu sendingu einnig ranglega tilgreint nettóþyngd sendingarinnar í aðflutningsskýrslu sem 27 kg. Tollstjóri reiknar nettóþyngd út sem 1 lítra = 1 kg (þykkni með umbúðum) og fram fór vigtun á þurrefnum (duft með umbúðum).

Rétt tollskrárflokkun að mati tollstjóra fyrir *item nr. 1976360 og 1893869* er tollskrárnúmer **3707.9035**, sbr. lýsing í II. kafla. Um muninn á gjöldum samkvæmt tollskrárflokkum þessum vísast til framangreinds í kafla II. Rétt nettóþyngd að mati tollstjóra er **23 kg**. Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá.



Upphæð vangreiddra aðflutningsgjalda vegna sendingar númer E SEL 08 11 4 GB IMM W013 er sem hér segir:

Úrvinnslugjald.....	544,00 íkr.
24,5% Virðisaukaskattur.....	134,00 íkr.
Dráttarvextir til 30.8.2005.....	107,00 íkr.
<b>Samtals</b>	<b>785,00 íkr.</b>

### **E LAG 08 03 5 GB IMM W015**

Að mati tollstjóra, hefur fyrirtækið, ranglega tollflokkað efnasambönd, n.t.t. *item nr. 1992182, 1934074, 1984262, 1975518, 1871748, 1905162, 1893870* á reikningi númer 10000005, í sendingu E LAG 08 03 5 GB IMM W015 í tollskrárnúmer 3707.9031, sbr. lína 4 á aðflutningsskýrslu. Um lýsingu á tollskrárnúmeri 3707.9031 samkvæmt tollskrá vísast til II. kafla.

Að mati tollstjóra hefur fyrirtækið í sömu sendingu einnig ranglega tilgreint nettóþyngd sendingarinnar í aðflutningsskýrslu sem 27 kg. Tollstjóri reiknar nettóþyngd út sem 1 lítra = 1 kg (þykkni með umbúðum) og fram fór vigtun á þurrefnum (duft með umbúðum).

Að mati tollstjóra hefur fyrirtækið í sömu sendingu ranglega tilgreint Bretland (GB) sem upprunaland vöru á tollskrárnúmeri 4802.6200, sbr. lína 3 á aðflutningsskýrslu. Samkvæmt þeim reikningi sem embættinu barst vegna umræddrar sendingar er rétt upprunaland Sviss (CH) á umræddri línu aðflutningsskýrslu.

Rétt tollskrárflokkun að mati tollstjóra fyrir *item nr. 1905162 (stabilizer)* er tollskrárnúmer **3707.9010**, sbr. lýsing í II. kafla. Um muninn á gjöldum samkvæmt tollskrárflokkum þessum vísast til framangreinds í kafla II. Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá.

Rétt tollskrárflokkun að mati tollstjóra fyrir *item nr. 1992182* er tollskrárnúmer **3707.9033**, n.t.t. kemísk framleiðsla til ljósmyndunar (þó ekki lökk, lím, heftiefni og áþekk framleiðsla); óblandaðar vörur til ljósmyndunar í afmældum skömmtum eða smásöluumbúðum tilbúnar til notkunar: - Annað: -- Annars: --- Upplausnir: ---- Þynntar með vatni fyrir notkun: ----- Í rúmmálshlutföllum 1:3 og minna en 1:4 (einn hluti kemísku efnis, minna en fjórir hlutar vatns).

Munurinn á gjöldum samkvæmt tollskrárflokkum þessum er sá að á tollskrárnúmeri 3707.9031 hvílir sem áður segir 24,5% virðisaukaskattur samkvæmt lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, með síðari breytingum auk 48,75 kr/kg úrvinnslugjald samkvæmt reglugerð 578/2000 um álagningu spilliefnagjalds, með síðari breytingum, sbr. lög 56/1996 um spilliefnagjald. Á tollskrárnúmeri **3707.9033** hvílir hins vegar 24,5% virðisaukaskattur auk 147 kr/kg úrvinnslugjald. Rétt nettóþyngd að mati tollstjóra er **60 kg**. Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá.

Rétt tollskrárflokkun að mati tollstjóra fyrir *item nr. 1934074* er tollskrárnúmer **3707.9034**, n.t.t. kemísk framleiðsla til ljósmyndunar (þó ekki lökk, lím, heftiefni og áþekk framleiðsla); óblandaðar vörur til ljósmyndunar í afmældum skömmtum eða smásöluumbúðum tilbúnar til notkunar: - Annað: -- Annars: --- Upplausnir: ---- Þynntar með vatni fyrir notkun: ----- Í rúmmálshlutföllum 1:4 og minna en 1:5 (einn hluti kemísku efnis, minna en fimm hlutar vatns).

Munurinn á gjöldum samkvæmt tollskrárflokkum þessum er sá að á tollskrárnúmeri 3707.9031 hvílir sem áður segir 24,5% virðisaukaskattur samkvæmt lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, með síðari breytingum auk 48,75 kr/kg úrvinnslugjald samkvæmt reglugerð 578/2000 um álagningu spilliefnagjalds, með síðari breytingum, sbr. lög 56/1996 um spilliefnagjald. Á tollskrárnúmeri **3707.9034** hvílir hins vegar 24,5% virðisaukaskattur auk 156 kr/kg úrvinnslugjald. Rétt nettóþyngd að mati tollstjóra er **4 kg**. Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá sem og athugasemd 2 við flokk VI. bls. 135 og túlkunarreglu 3c við tollskrá.

Rétt tollskrárflokkun að mati tollstjóra fyrir *item nr. 1984262, 1975518, 1871748 og 1893870* er tollskrárnúmer **3707.9035**, sbr. lýsing í II. kafla. Um munurinn á gjöldum samkvæmt tollskrárflokkum þessum vísast til framangreinds í kafla II. Rétt nettóþyngd að mati tollstjóra er **206 kg**. Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá.

Upphæð vangreiddra aðflutningsgjalda vegna sendingar númer E LAG 08 03 5 GB IMM W015 er sem hér segir:

Úrvinnslugjald.....	65.229,00 íkr.
24,5% Virðisaukaskattur.....	15.982,00 íkr.
Dráttarvextir til 30.8.2005.....	7.791,00 íkr.
<b>Samtals</b>	<b>89.002,00 íkr.</b>

#### **E LAG 24 01 5 GB IMM W071**

Að mati tollstjóra, hefur fyrirtækið, ranglega tollflokkað efnasambönd, n.t.t. *item nr. 1984253, 1984262, 1984565, 1758285, 1975518, 1757855, 1871748, 1893870 og 1976388* á reikningi númer 20000326, í sendingu E LAG 24 01 5 GB IMM W071 í tollskrárnúmer 3707.9031, sbr. lína 4 á aðflutningsskýrslu. Um lýsingu á tollskrárnúmeri 3707.9031 samkvæmt tollskrá vísast til II. kafla.

Að mati tollstjóra hefur fyrirtækið í sömu sendingu einnig ranglega tilgreint nettóþyngd sendingarinnar í aðflutningsskýrslu sem 27 kg. Tollstjóri reiknar nettóþyngd út sem 1 lítra = 1 kg (þykkni með umbúðum) og fram fór vigtun á þurrefnum (duft með umbúðum).

Að mati tollstjóra hefur fyrirtækið í sömu sendingu að hluta tilgreint ranglega Bretland (GB) sem upprunaland vöru á tollskrárnúmeri 4802.6200, sbr. lína 5 á aðflutningsskýrslu og lína 1 og 3 á reikningi númer 10000171. Samkvæmt sama reikningi, nr. 10000171, línu 1 og 3, er rétt upprunaland Sviss (CH) á vöru í umræddri línu aðflutningsskýrslu.

Rétt tollskrárflokkun að mati tollstjóra fyrir *item nr. 1984253, 1893870, 1984262, 1984565, 1758285, 1975518, 1757855, 1871748 og 1976388* er tollskrárnúmer **3707.9035**, sbr. lýsing í II. kafla. Um muninn á gjöldum samkvæmt tollskrárflokkum þessum vísast til framangreinds í kafla II. Rétt nettóþyngd að mati tollstjóra er **340 kg**. Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá.

Upphæð vangreiddra aðflutningsgjalda vegna sendingar númer E LAG 24 01 5 GB IMM W071 er sem hér segir:

Úrvinnslugjald.....	124.151,00 íkr.
24,5% Virðisaukaskattur.....	30.418,00 íkr.
Dráttarvextir til 30.8.2005.....	18.615,00 íkr.
<b>Samtals</b>	<b>173.184,00 íkr.</b>

### **E SEL 15 04 2 GB IMM W022**

Að mati tollstjóra, hefur fyrirtækið, ranglega tollflokkað efnasambönd, n.t.t. *item nr. 1960457, 1757314 og 1758038* á reikningi númer 10004021, í sendingu E SEL 15 04 2 GB IMM W022 í tollskrárnúmer 3707.9031, sbr. lína 4 á aðflutningsskýrslu. Um lýsingu á tollskrárnúmeri 3707.9031 samkvæmt tollskrá vísast til II. kafla.

Að mati tollstjóra hefur fyrirtækið í sömu sendingu einnig ranglega tilgreint nettóþyngd sendingarinnar í aðflutningsskýrslu sem 27 kg. Tollstjóri reiknar nettóþyngd út sem 1 lítra = 1 kg (þykkni með umbúðum) og fram fór vigtun á þurrefnum (duft með umbúðum).

Að mati tollstjóra hefur fyrirtækið í sömu sendingu ranglega tilgreint Bretland (GB) sem upprunaland vöru á tollskrárnúmeri 4802.6200, sbr. lína 5 á aðflutningsskýrslu og ítem 1982282 á reikningi númer 10004021. Samkvæmt þeim reikningi sem embættinu barst vegna umræddrar sendingar er rétt upprunaland Sviss (CH) á vöru í umræddri línu aðflutningsskýrslu.

Rétt tollskrárflokkun að mati tollstjóra fyrir *item nr. 1757314 og 1758038* er tollskrárnúmer **3707.9035**, sbr. lýsing í II. kafla. Um muninn á gjöldum samkvæmt tollskrárflokkum þessum vísast til framangreinds í kafla II. Rétt nettóþyngd að mati tollstjóra er **50 kg**. Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá.

Rétt tollskrárflokkun að mati tollstjóra fyrir *item nr. 1960457 (duft)* er tollskrárnúmer **3707.9099**, sbr. lýsing í II. kafla. Um muninn á gjöldum samkvæmt tollskrárflokkum þessum vísast til framangreinds í kafla II. Rétt nettóþyngd að mati tollstjóra er **1 kg**. Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá.

Upphæð vangreiddra aðflutningsgjalda vegna sendingar númer E SEL 15 04 2 GB IMM W022 er sem hér segir:

Úrvinnslugjald.....	11.495,00 íkr.
24,5% Virðisaukaskattur.....	2.816,00 íkr.
Dráttarvextir til 30.8.2005.....	11.236,00 íkr.
<b>Samtals</b>	<b>25.547,00 íkr.</b>

### **E BRU 06 05 2 GB IMM W019**

Að mati tollstjóra, hefur fyrirtækið, ranglega tollflokkað efnasambönd, n.t.t. *item nr. 1756966, 1984565, 1984262 og 1758625* á reikningi númer 10004122, í sendingu E BRU 06 05 2 GB IMM W019 í tollskrárnúmer 3707.9031, sbr. lína 2 á aðflutningsskýrslu. Um lýsingu á tollskrárnúmeri 3707.9031 samkvæmt tollskrá vísast til II. kafla.

Að mati tollstjóra hefur fyrirtækið í sömu sendingu einnig ranglega tilgreint nettóþyngd sendingarinnar í aðflutningsskýrslu sem 9 kg. Tollstjóri reiknar nettóþyngd út sem 1 lítra = 1 kg (þykkni með umbúðum) og 1 lítra = 0,5 kg (duft með umbúðum).

Að mati tollstjóra hefur fyrirtækið í sömu sendingu einnig ranglega tilgreint nettóþyngd sendingarinnar í aðflutningsskýrslu sem 27 kg. Tollstjóri reiknar nettóþyngd út sem 1 lítra = 1 kg (þykkni með umbúðum) og fram fór vigtun á þurrefnum (duft með umbúðum).

Rétt tollskrárflokkun að mati tollstjóra fyrir *item nr. 1758625* er tollskrárnúmer **3707.9010**, sbr. lýsing í II. kafla. Um muninn á gjöldum samkvæmt tollskrárflokkum þessum vísast til framangreinds í kafla II. Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá.

Rétt tollskrárflokkun að mati tollstjóra fyrir *item nr. 1984565 og 1984262* er tollskrárnúmer **3707.9035**, sbr. lýsing í II. kafla. Um muninn á gjöldum samkvæmt tollskrárflokkum þessum vísast til framangreinds í kafla II. Rétt nettóþyngd að mati tollstjóra er **30 kg**. Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá.

Rétt tollskrárflokkun að mati tollstjóra fyrir *item nr. 1756966 (duft)* er tollskrárnúmer **3707.9099**, sbr. lýsing í II. kafla. Um muninn á gjöldum samkvæmt tollskrárflokkum þessum vísast til framangreinds í kafla II. Rétt nettóþyngd að mati tollstjóra er **3 kg**. Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá.

Upphæð vangreiddra aðflutningsgjalda vegna sendingar númer E BRU 06 05 2 GB IMM W019 er sem hér segir:

Úrvinnslugjald.....	8.063,00 íkr.
24,5% Virðisaukaskattur.....	1.975,00 íkr.
Dráttarvextir til 30.8.2005.....	7.680,00 íkr.
<b>Samtals</b>	<b>17.718,00 íkr.</b>

#### **E SEL 22 12 3 GB IMM W024**

Að mati tollstjóra, hefur fyrirtækið, ranglega tollflokkað efnasambönd, n.t.t. *item nr. 1970902, 1758524, 1976360, 1984253, 1984565, 1975499 og 1975518* á reikningi númer 10006127, í sendingu E SEL 22 12 3 GB IMM W024 í tollskrárnúmer 3707.9031, sbr. lína 4 á aðflutningsskýrslu. Um lýsingu á tollskrárnúmeri 3707.9031 samkvæmt tollskrá vísast til II. kafla.

Að mati tollstjóra hefur fyrirtækið í sömu sendingu einnig ranglega tilgreint nettóþyngd sendingarinnar í aðflutningsskýrslu sem 27 kg. Tollstjóri reiknar nettóþyngd út sem 1 lítra = 1 kg (þykkni með umbúðum) og fram fór vigtun á þurrefnum (duft með umbúðum).

Að mati tollstjóra hefur fyrirtækið í sömu sendingu að hluta ranglega tilgreint Bretland (GB) annars vegar, sem upprunaland vöru á tollskrárnúmeri 4802.6200, sbr. lína 5 á aðflutningsskýrslu og Japan (JP) hins vegar, sbr. lína 6 á aðflutningsskýrslu.

Samkvæmt þeim reikningi sem embættinu barst vegna umræddrar sendingar eru rétt upprunalönd Sviss (CH) og Bretland (GB) á umræddum línunum aðflutningsskýrslu.

Rétt tollskrárflokkun að mati tollstjóra fyrir *item nr. 1970902* er tollskrárnúmer **3707.9010**, sbr. lýsing í II. kafla. Um muninn á gjöldum samkvæmt tollskrárflokkum þessum vísast til framangreinds í kafla II. Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá.

Rétt tollskrárflokkun að mati tollstjóra fyrir *item nr. 1758524* er tollskrárnúmer **3707.9034**, sbr. lýsing í V. kafla. Um munurinn á gjöldum samkvæmt tollskrárflokkum þessum vísast til framangreinds í kafla V. Rétt nettóþyngd að mati tollstjóra er **25 kg**. Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá sem og athugasemd 2 við flokk VI. bls. 135 og túlkunarreglu 3c við tollskrá.

Rétt tollskrárflokkun að mati tollstjóra fyrir *item nr. 1976360, 1984263, 1984565, 1975499 og 1975518* er tollskrárnúmer **3707.9035**, sbr. lýsing í II. kafla. Um muninn á gjöldum samkvæmt tollskrárflokkum þessum vísast til framangreinds í kafla II. Rétt nettóþyngd að mati tollstjóra er **164 kg**. Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá.

Upphæð vangreiddra aðflutningsgjalda vegna sendingar númer E SEL 22 12 3 GB IMM W024 er sem hér segir:

Úrvinnslugjald.....	51.193,00 íkr.
24,5% Virðisaukaskattur.....	12.542,00 íkr.
Dráttarvextir til 30.8.2005.....	21.050,00 íkr.
<b>Samtals</b>	<b>84.785,00 íkr.</b>

### **E SEL 16 02 4 GB IMM W003**

Að mati tollstjóra, hefur fyrirtækið, ranglega tollflokkað efnasambönd, n.t.t. *item nr. 1758524, 1984565, 1757855, 1975499, 1893869*, á reikningi númer 10006303, í sendingu E SEL 16 02 4 GB IMM W003 í tollskrárnúmer 3707.9031, sbr. lína 4 á aðflutningsskýrslu. Um lýsingu á tollskrárnúmeri 3707.9031 samkvæmt tollskrá vísast til II. kafla.

Að mati tollstjóra hefur fyrirtækið í sömu sendingu einnig ranglega tilgreint nettóþyngd sendingarinnar í aðflutningsskýrslu sem 27 kg. Tollstjóri reiknar nettóþyngd út sem 1 lítra = 1 kg (þykkni með umbúðum) og fram fór vigtun á þurrefnum (duft með umbúðum).

Að mati tollstjóra hefur fyrirtækið í sömu sendingu að hluta ranglega tilgreint Bretland (GB) annars vegar, sem upprunaland vöru á tollskrárnúmeri 4802.6200, sbr. lína 6 á aðflutningsskýrslu og Búlgaríu (BG) hins vegar, sbr. lína 5 á aðflutningsskýrslu.

Samkvæmt þeim reikningi sem embættinu barst vegna umræddrar sendingar eru rétt upprunalönd Sviss (CH) og Bretland (GB) á umræddum línunum aðflutningsskýrslu.

Rétt tollskrárflokkun að mati tollstjóra fyrir *item nr. 1758524* er tollskrárnúmer **3707.9034**, sbr. lýsing í V. kafla. Um muninn á gjöldum samkvæmt tollskrárflokkum þessum vísast til framangreinds í kafla V. Rétt nettóþyngd að mati tollstjóra er **33 kg**. Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá.

Rétt tollskrárflokkun að mati tollstjóra fyrir *item nr. 1984565, 1893869, 1757855 og 1975499* er tollskrárnúmer **3707.9035**, sbr. lýsing í II. kafla. Um muninn á gjöldum samkvæmt tollskrárflokkum þessum vísast til framangreinds í kafla II. Rétt nettóþyngd að mati tollstjóra er **288 kg**. Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá.

Upphæð vangreiddra aðflutningsgjalda vegna sendingar númer E SEL 16 02 4 GB IMM W003 er sem hér segir:

Úrvinnslugjald.....	104.669,00 íkr.
24,5% Virðisaukaskattur.....	25.643,00 íkr.
Dráttarvextir til 30.8.2005.....	39.385,00 íkr.
<b>Samtals</b>	<b>169.697,00 íkr.</b>

### **E SEL 15 03 4 GB IMM W036**

Að mati tollstjóra, hefur fyrirtækið, ranglega tollflokkað efnasambönd, n.t.t. *item nr. 1758524, 1976360, 1960457, 1960475, 1960507, 1984262, 1984565, 1975499, 1975518, 1757855, 1893870 og 1960585*, á reikningi númer 10006412, í sendingu E SEL 15 03 4 GB IMM W036 í tollskrárnúmer 3707.9031, sbr. lína 4 á aðflutningsskýrslu. Um lýsingu á tollskrárnúmeri 3707.9031 samkvæmt tollskrá vísast til II. kafla.

Að mati tollstjóra hefur fyrirtækið í sömu sendingu einnig ranglega tilgreint nettóþyngd sendingarinnar í aðflutningsskýrslu sem 27 kg. Tollstjóri reiknar nettóþyngd út sem 1 lítra = 1 kg (þykkni með umbúðum) og fram fór vigtun á þurrefnum (duft með umbúðum).

Að mati tollstjóra hefur fyrirtækið í sömu sendingu ranglega tilgreint Sviss (CH) sem upprunaland vöru á tollskrárnúmeri 4802.6200, sbr. lína 5 á aðflutningsskýrslu.

Samkvæmt þeim reikningi sem embættinu barst vegna umræddrar sendingar eru rétt upprunald Sviss (CH) og Þýskaland (DE) á umræddri línu aðflutningsskýrslu.

Rétt tollskrárflokkun að mati tollstjóra fyrir *item nr. 1758524* er tollskrárnúmer **3707.9034**, sbr. lýsing í V. kafla. Um muninn á gjöldum samkvæmt tollskrárflokkum þessum vísast til framangreinds í kafla V. Rétt nettóþyngd að mati tollstjóra er **70 kg**. Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá.

Oftekin úrvinnslugjöld tollstjóra vegna sendingarinnar eru því kr.17.899,00 , fyrir utan virðisaukaskatt og dráttarvexti reiknaða á gjaldþola.

#### **E SEL 19 06 3 GB IMM W060 (SLE röng merking í úrskurði) ( fylgiskjal nr. 14 )**

Kröfur tollstjóra varðandi þessa sendingu, sbr. úrskurð tollstjóra dags. 10 ágúst 2006 eru eftirfarandi:

Viðbótar úrvinnslugjöld kr. 34.667,00

Gjaldskyld þyngd ( með umbúðum ) 135 kg

Tollflokkar: 3707-9035

Varðandi þessa sendingu þá benda L. ehf. á eftirfarandi:

Engin einingarverð eru í úrskurði tollstjóra, aðeins heildarupphæð úrvinnslugjalds kr. 34.667,00 fyrir þessa sendingu. Þessum galla á framsetningu kröfu tollstjóra er mótmælt.

Í úrskurði tollstjóra dags. 10.ágúst 2006, er ekki rétt tollflokkun, þar sem tollstjóri setur efnablöndu ítem nr.1984565 í 3707-9035 ( hæsta gjaldflokk og mestu vatnsþynningu). Miðað við raunverulega notkun efnisins ( vatnsþynning 1:4) á varan að vera í tollflokki 3707-9034.

Þetta gerir tollstjóri þrátt fyrir að L. ehf hafi ítrekað bent á við svart/hvíta myndvinnslu eru mjög mismunandi vinnsluaðferðir, allt eftir kröfum um hraða myndvinnslu og endingu mynda (sjá m.a. bréf okkar til tollstjóra dags. 14.júlí 2006) Tollstjóri gætir ekki að meðalhófsreglu 11. greinar stjórnarsýslulaga nr 37/1993 í þessu tilliti.

Í úrskurði sínum hefur tollstjóri vanreiknað þyngd úrvinnslugjaldskyldrar vöru, en eins og áður greinir sett vöru númer 1984565 í rangan tollflokk.

Tollstjóri hefur ranglega bætt við grunn úrvinnslugjalds, vöru ítem nr. 1893870 ILFOSTOP (vætiefni), sem ekki ber úrvinnslugjald, sbr. úrskurð tollstjóra 10.ágúst 2006 bls. 6.

Rétt tollflokkun og þyngd vegna greiðsluskyldu úrvinnslugjalds þessarar sendingar, er að okkar mati svofelld:

Item nr.	Vöruheiti	Tollflokkur	Þyngd kg.	Magn	Þyngd kg.
1984565	Fixer 5 ltr.	3707-9034	5,00	20	100,00
1757855	Multigr.dev.	3707-9035	5,00	10	50,00
Alls kg.					150,00

Tollflokkur: 3707-9034	100 kg. x pr.kg. 147,00	=	14.700,00
“ “ 3707-9035	50 kg. x pr.kg 294,00	=	14.700,00
Alls	150,00 kg.		kr. 29.400,00

Úrvinnslugjald greitt við innflutning	kr. 613,00
Úrvinnslugjald skv. úrskurði tollstj.	kr. 34.667,00
Alls kr.	kr. 35.280,00

Oftekin úrvinnslugjöld tollstjóra vegna sendingarinnar eru því kr. 5.880,00 án virðisaukaskatts og reiknaðra dráttarvaxta.

### **E SEL 04 08 3 GB IMM W031 ( fylgiskjal nr. 15 )**

Kröfur tollstjóra varðandi þessa sendingu, sbr. úrskurð tollstjóra dags. 10 ágúst 2006 eru eftirfarandi:

Viðbótar úrvinnslugjöld kr. 65.648,00

Gjaldskyld þyngd ( með umbúðum ) 272,00 kg

Tollflokkar: 3707-9033, 3707.9035, 3707-9099

Varðandi þessa sendingu þá benda L. ehf. á eftirfarandi:

Engin einingarverð eru í úrskurði tollstjóra, aðeins heildarupphæð úrvinnslugjalds kr. 65.648,00 fyrir þessa sendingu. Þessum galla á framsetningu kröfu tollstjóra er mótmælt.

Í úrskurði tollstjóra dags. 10.ágúst 2006, er ekki rétt tollflokkun, þar sem tollstjóri setur efnablöndur ítem nr. 1984262 og nr.1984565 í tollflokk 3707-9035, en efnin eru notuð í 1:4 (vatnsþynning) og skulu því vera í tollflokki 3707-9034.

Þetta gerir tollstjóri þrátt fyrir að L. ehf hafi ítrekað bent á við svart/hvíta myndvinnslu eru mjög mismunandi vinnsluaðferðir, allt eftir kröfum um hraða myndvinnslu og endingu mynda (sjá m.a. bréf okkar til tollstjóra dags. 14.júlí 2006) Tollstjóri gætir ekki að meðalhófsreglu 11. greinar stjórnisýslulaga nr 37/1993 í þessu tilliti.

Tollstjóri virðist í úrskurði sínum dags. 10.ágúst hafa bætt við óskilgreindum viðbótarkílóafjölda til viðbótar raunþyngd greindra framköllunarefna. Og þannig hækkað úrvinnslugjöld með ólögætum hætti. Þessari kröfu tollstjóra er mótmælt, sem ólöglegri og í andstöðu við ákvæði 7. greinar laga nr. 162/2002, um úrvinnslugjald

Ennfremur er minnt á þá staðreynd að umbúðir hafa aldrei fengið neina spilliefnaúrvinnslu á vegum Úrvinnslusjóðs, enda er innflytjanda/notanda gert skylt að greiða fyrir förgun allra umbúða, og hefur sá háttur gilt til apríl 2006, en þá var hætt innheimtu sérstaks gjalds við förgun af umbúðum, sem gengið hefur undir ýmsum nöfnum á liðnum árum t.d. spilliefnagjald, förgunargjald eða úrvinnslugjald. Sjá nánar í bréfum okkar til tollstjóra m.a. dags. 14.júlí 2006.

Tollstjóri hefur ranglega bætt við grunn úrvinnslugjalds, vöru ítem nr. 1893870 ILFOSTOP og ítem nr. 1905153 ILFOTOL ( bæði vætiefni), sem ekki bera úrvinnslugjald, sbr. úrskurð tollstjóra 10.ágúst 2006 bls. 6.

Rétt tollflokkun og þyngd vegna greiðsluskyldu úrvinnslugjalds þessarar sendingar, er að okkar mati svofelld:

Item nr.	Vöruheiti	Tollflokkur	Þyngd kg.	Magn	Þyngd kg.
1984262	Fixer 1 ltr.	3707-9034	1,00	20	20,00
1984565	Fixer 5 ltr.	3707-9034	5,00	20	100,00
1757855	Multigr.dev.	3707-9035	5,00	20	100,00
1960457	ID-11 dev.	3707-9099	0,114	10	1,14
1992182	2150XL dev	3707-9033	6,00	6	36,00
Alls kg.					257,14

Tollflokkur:	3707-9033	36,00 kg. x pr.kg. 122,50	=	4.410,00
	3707-9034	120,00 kg. x pr.kg. 147,00	=	17.640,00
“ “	3707-9035	100,00 kg. x pr.kg 294,00	=	29,400,00
“ “	3707-9099	1,14 kg. x pr.kg 294,00	=	335,00
Alls		257,14 kg.	kr.	51.785,00

Úrvinnslugjald greitt við innflutning	kr.	5.206,00
Úrvinnslugjald skv. úrskurði tollstj.	kr.	65.648,00
Alls	kr.	70.854,00



Oftekin úrvinnslugjöld tollstjóra vegna sendingarinnar eru því kr. 19.069,00

**E BRU 22 09 3 GB IMM W010 ( fylgiskjal nr. 16 )**

Kröfur tollstjóra varðandi þessa sendingu, sbr. úrskurð tollstjóra dags. 10. ágúst 2006 eru eftirfarandi:

Viðbótar úrvinnslugjöld kr. 111.720,00

Gjaldskyld þyngd ( með umbúðum ) 491,00 kg

Tollflokkar: 3707.9010, 3707-9033, 3707-9034, 3707-9035

Varðandi þessa sendingu þá benda L. ehf. á eftirfarandi:

Engin einingarverð eru í úrskurði tollstjóra, aðeins heildarupphæð úrvinnslugjalds kr. 111.720,00 fyrir þessa sendingu. Þessum galla á framsetningu kröfu tollstjóra er mótmælt.

Tollstjóri virðist í úrskurði sínum dags. 10.ágúst hafa bætt við óskilgreindum viðbótarkílóafjölda til viðbótar raunþyngd greindra framköllunarefna. Og þannig hækkað úrvinnslugjöld með ólögumætum hætti. Þessari kröfu tollstjóra er mótmælt, sem ólöglegri og í andstöðu við ákvæði 7. greinar laga nr. 162/2002, um úrvinnslugjald

Þrátt fyrir þá staðreynd að umbúðir hafa aldrei fengið neina spilliefnaúrvinnslu hjá Úrvinnslusjóði, er innflytjanda/notanda gert skylt að greiða fyrir förgun allra umbúða, og hefur sá háttur gilt til apríl 2006, en þá var hætt innheimtu sérstaks gjalds við förgun af umbúðum, sem gengið hefur undir ýmsum nöfnum á liðnum árum t.d. spilliefnagjald-förgunargjald eða úrvinnslugjald. Sjá nánar í bréfum okkar til tollstjóra m.a. dags. 14.júlí 2006.

Tollstjóri virðist hafa ranglega bætt við grunn úrvinnslugjalds, vöru item nr. 1893870 ILFOSTOP ( vætiefni), sem ekki ber úrvinnslugjald, sbr. úrskurð tollstjóra 10.ágúst 2006 bls. 6.

Rétt tollflokkun og þyngd vegna greiðsluskyldu úrvinnslugjalds þessarar sendingar, er að okkar mati svofelld:

<b>Item nr.</b>	<b>Vöruheiti</b>	<b>Tollflokkur</b>	<b>Þyngd kg.</b>	<b>Magn</b>	<b>Þyngd kg.</b>
1984253	Fixer 0,5ltr.	3707-9034	0,50	16	8,00
1984262	Fixer 1 ltr.	3707-9034	1,00	16	16,00
1984565	Fixer 5 ltr.	3707-9034	5,00	20	100,00
1757855	Multidev.	3707-9035	5,00	40	200,00
1960457	ID-11 dev.	3707-9099	0,114	12	1,37
1960475	ID-11 dev.	3707-9099	0,57	20	11,40
1871748	Ilfosol dev.	3707-9035	0,250	20	5,00
1976388	Ilfotec 1 ltr.	3707-9035	1,00	2	2,00
1758524	2000RT dev	3707-9034	5,00	12	60,00
1992182	2150XL	3707-9033	6,00	6	36,00
1758056	2000RT	3707-9034	5,00	5	25,00
Alls kg.					464,77

Tollflokkur: 3707-9033      36,00 kg. x pr.kg. 122,50 =      4.410,00

“	“	3707-9034	209,00 kg. x pr.kg. 147,00 =	30.723,00
	“	3707-9035	207,00 kg. x pr.kg. 294,00 =	60.858,00
		3707-9099	12,77 kg. x pr.kg. 294,00 =	3.754,00
Alls		464,77 kg.		kr 99.745,00
Úrvinnslugjald greitt við innflutning				kr. 13.720,00
Úrvinnslugjald skv. úrskurði tollstj.				kr. 111.720,00
Alls				kr. 125.440,00

Oftekin úrvinnslugjöld tollstjóra vegna sendingarinnar eru því kr. 25.695,00

### E SEL 10 11 3 GB IMM W018 ( fylgiskjal nr. 17 )

Kröfur tollstjóra varðandi þessa sendingu, sbr. úrskurð tollstjóra dags. 10 ágúst 2006 eru eftirfarandi:

Gjaldskyld þyngd ( með umbúðum ) 483 kg.

Tollflokkar: 3707-9033, 3707-9034, 3707-9035, 3707-9099

Viðbótar úrvinnslugjald: Krafa tollstjóra kr. 111.095,00

Varðandi þessa sendingu þá benda L. ehf. á eftirfarandi:

Rétt tollflokkun og þyngd vegna greiðsluskyldu úrvinnslugjalds þessarar sendingar er að okkar mati svofelld:

Item nr.	Vöruheiti	Tollflokkur	Þyngd kg Per eining	fjöldi	þyngd alls kg
1976360	Ilfotec dev.	3707-9035	1,00	2	2,00
1992182	2150XL	3707-9033	6,00	20	120,00
1758056	2000 RT	3707-9034	5,00	10	50,00
1984243	Ra.fixer	3707-9034	0,50	8	4,00
1984262	Ra.fixer	3707-9034	1,00	24	24,00
1984565	Ra.fixer	3707-9034	5,00	24	120,00
1975518	Multigr.dev.	3707-9035	1,00	16	16,00
1757855	Multigr.dev.	3707-9035	5,00	48	240,00
1960457	ID-11 dev.	3707-9099	0,299	24	7,18
1960475	ID-11 dev.	3707-9099	0,570	10	5,70
1871748	Ilfosol dev.	3707-9035	0,250	36	9,00
Alls kg.				.	597,88

Tollstjóri hefur vanreiknað þyngd úrvinnslugjaldskyldrar vöru um 114,88 kg., en sett vörur sem eiga að vera í tollflokki 3707-9034 í tollflokk 3707-9035. Þetta eru fixer-efni, sem mjög sjaldgæft er að þynna meira en 1:4, þar sem meiri þynning kemur niður á endingu mynda.

Aðrar vörur á reikningi bera ekki úrvinnslugjald

Tollstjóri hefur ranglega bætt við gjaldstofn úrvinnslugjalds, ILFOSTOP (item nr. 1893870) á reikningi sendanda. Á bls. 6 í úrskurði tollstjóra dags. 10.ágúst 2006 segir að ILFOSTOP skuli vera í tollflokki 3707-9010, sem ekki ber úrvinnslugjald.

Tollflokkur: 3707-9033 120,00 kg. x kr. 122,50 = 14.700,00

	3707-9034	198,00 kg	x kr. 147,00 =	29.106,00
“ “	3707-9035	267,00 kg	x kr. 294,00 =	78.498,00
“ “	3707-9099	12,88 kg	x kr. 294,00 =	3.787,00
Alls		597,88 kg		kr. 126.091,00
Úrvinnslugjald greitt við innflutning				kr. 13.169,00
Úrvinnslugjald greitt sbr. úrskurð tollstjóra				kr. 111.095,00
Alls				kr. 124.264,00

Vangreidd úrvinnslugjöld til tollstjóra alls vegna þessarar sendingar kr. 1.827,00 (án virðisaukaskatts og dráttarvaxta)

### **E SEL 08 07 2 GB IMM W014 ( fylgiskjal nr.18 )**

Kröfur tollstjóra varðandi þessa sendingu, sbr. úrskurð tollstjóra dags. 10 ágúst 2006 eru eftirfarandi:

Viðbótar úrvinnslugjöld kr. 16.575,00

Gjaldskyld þyngd ( með umbúðum ) 81,00 kg

Tollflokkar: 3707-9035, 3707-9099

Varðandi þessa sendingu þá benda L. ehf. á eftirfarandi:

Engin einingarverð eru í úrskurði tollstjóra, aðeins heildarupphæð úrvinnslugjalds kr. 16.575,00 fyrir þessa sendingu. Þessum galla á framsetningu kröfu tollstjóra er mótmælt.

Tollstjóri virðist í úrskurði sínum dags. 10.ágúst hafa bætt við óskilgreindum viðbótarkílófjölda til viðbótar raunþyngd greindra framköllunarefna. Og þannig hækkað úrvinnslugjöld með ólögmatum hætti. Þessari kröfu tollstjóra er mótmælt, sem ólöglegri og í andstöðu við ákvæði 7. greinar laga nr. 162/2002, um úrvinnslugjald

Þrátt fyrir þá staðreynd að umbúðir hafa aldrei fengið neina spilliefnaúrvinnslu hjá Úrvinnslusjóði, er innflytjanda/notanda gert skylt að greiða fyrir förgun allra umbúða, og hefur sá háttur gilt til apríl 2006, en þá var hætt innheimtu sérstaks gjalds við förgun af umbúðum, sem gengið hefur undir ýmsum nöfnum á liðnum árum t.d. spilliefnagjald-förgunargjald eða úrvinnslugjald. Sjá nánar í bréfum okkar til tollstjóra m.a. dags. 14.júlí 2006.

Tollstjóri hefur ranglega bætt við grunn úrvinnslugjalds, vöru ítem nr. 1893870 ILFOSTOP (vætiefni), sem ekki ber úrvinnslugjald, sbr. úrskurð tollstjóra 10.ágúst 2006 bls. 6.

Rétt tollflokkun og þyngd vegna greiðsluskyldu úrvinnslugjalds þessarar sendingar, er að okkar mati svofelld:

<b>Item nr.</b>	<b>Vöruheiti</b>	<b>Tollflokkur</b>	<b>Þyngd kg.</b>	<b>Magn</b>	<b>Þyngd kg.</b>
1976360	Ilfotech 1ltr.	3707-9035	1,00	8	8,00
1960457	ID-11 dev	3707-9099	0,114	30	3,42
1756948	Fixer	3707-9099	0,235	10	2,35
1984262	ra.fixer	3707-9034	1,00	10	10,00

1975554	PQU dev	3707-9035	1,00	30	30,00
1758285	Hyp.fixer	3707-9034	5,00	5	25,00
				alls kg.	78,77
Tollflokkur:	3707-9034	35,00 kg. x pr.kg.	117,00 =	4.095,00	
“ “	3707-9035	38,00 kg. x pr.kg	234,00 =	8.892,00	
“ “	3707-9099	5,77 kg. x pr.kg	234,00 =	1.350,00	
Alls		78,77 kg.		kr.14.337,00	
Úrvinnslugjald greitt við innflutning				kr. 2.145,00	
Úrvinnslugjald skv. úrskurði tollstj.				kr. 16.575,00	
Alls				kr.,18.720,00	

Oftekin úrvinnslugjöld tollstjóra vegna sendingarinnar eru því kr.4.383,00

### **E BRU 29 07 2 GB IMM W0513 ( fylgiskjal nr. 19 )**

Kröfur tollstjóra varðandi þessa sendingu, sbr. úrskurð tollstjóra dags. 10. ágúst 2006 eru eftirfarandi:

Viðbótar úrvinnslugjöld kr. 21.850,00

Gjaldskyld þyngd ( með umbúðum ) 109 kg

Tollflokkar: 3707-9035, 3707-9099

Varðandi þessa sendingu þá benda L. ehf. á eftirfarandi:

Engin einingarverð eru í úrskurði tollstjóra, aðeins heildarupphæð úrvinnslugjalds kr. 21.850,00 fyrir þessa sendingu. Þessum galla á framsetningu kröfu tollstjóra er mótmælt.

Í úrskurði tollstjóra dags. 10.ágúst 2006, er ekki rétt tollflokkun, þar sem tollstjóri setur efnablöndur ítem nr.1756948 og nr.1984262 í hæsta gjaldflokk ( tollflokkur: 3707-9035 - mestu vatnsþynningu), þrátt fyrir að notkun efnanna sé 1:4, þ.e. tollflokkur 3707-9034. Þetta gerir tollstjóri þrátt fyrir að L. ehf hafi ítrekað bent á við svart/hvíta myndvinnslu eru mjög mismunandi vinnsluáðferðir, allt eftir kröfum um hraða myndvinnslu og endingu mynda (sjá m.a. bréf okkar til tollstjóra dags. 14.júlí 2006) Tollstjóri gætir ekki að meðalhófsreglu 11. greinar stjórnsýslulaga nr 37/1993 í þessu tilliti.

Tollstjóri virðist í úrskurði sínum dags. 10.ágúst hafa bætt við óskilgreindum viðbótarkílóafjölda til viðbótar raunþyngd greindra framköllunarefna. Og þannig hækkað úrvinnslugjöld með ólögætum hætti. Þessari kröfu tollstjóra er mótmælt, sem ólöglegri og í andstöðu við ákvæði 7. greinar laga nr. 162/2002, um úrvinnslugjald

Tollstjóri hefur ranglega bætt við grunn úrvinnslugjalds, vöru ítem nr. 1893870 ILFOSTOP (vætiefni), sem ekki ber úrvinnslugjald, sbr. úrskurð tollstjóra 10.ágúst 2006 bls. 6.

Rétt tollflokkun og þyngd vegna greiðsluskyldu úrvinnslugjalds þessarar sendingar, er að okkar mati svofelld:

<b>Item nr.</b>	<b>Vöruheiti</b>	<b>Tollflokkur</b>	<b>Þyngd kg.</b>	<b>Magn</b>	<b>Þyngd kg.</b>
-----------------	------------------	--------------------	------------------	-------------	------------------

1960457	ID-11dev.	3707-9099	0,114	10	1,14
1756948	Ilf.fixer	3707-9099	0,235	10	2,35
1984565	Fixer	3707-9034	5,00	5	25,00
1758038	Ilfosp.dev	3707-9035	5,00	6	30,00
1757314	PQU dev	3707-9035	5,00	6	30,00
1984262	Ra.fixer	3707-9034	1,00	10	10,00
Alls kg.					98,49

Tollflokkur:	3707-9034	35,00 kg. x pr.kg.	117,00	=	4.095,00
“ “	3707-9035	60,00 kg. x pr.kg	234,00	=	14.040,00
“ “	3707-9099	3,49 kg. x pr.kg	234,00	=	817,00
Alls		98,49 kg.		kr.	18.952,00

Úrvinnslugjald greitt við innflutning	kr.	1.316,00
Úrvinnslugjald skv. úrskurði tollstj.	kr.	21.850,00
Alls	kr.	23.166,00

Oftekin úrvinnslugjöld tollstjóra vegna sendingarinnar eru því kr. 4.214,00  
**E BRU 23 09 2 GB IMM W031 ( fylgiskjal nr. 19-2 )**

Kröfur tollstjóra varðandi þessa sendingu, sbr. úrskurð tollstjóra dags. 10 ágúst 2006 eru eftirfarandi:

Viðbótar úrvinnslugjöld kr. 38.122,00

Gjaldskyld þyngd ( með umbúðum ) 214,00 kg

Tollflokkar: 3707-9033, 3707-9035, 3707-9099

Varðandi þessa sendingu þá benda L. ehf. á eftirfarandi:

Engin einingarverð eru í úrskurði tollstjóra, aðeins heildarupphæð úrvinnslugjalds kr. 38.122,00 fyrir þessa sendingu. Þessum galla á framsetningu kröfu tollstjóra er mótmælt.

Í úrskurði tollstjóra dags. 10.ágúst 2006, er ekki rétt tollflokkun, þar sem tollstjóri setur efnablöndur ítem nr.1756948, nr.1984262, nr. 1984253 og nr.1984565 í hæsta gjaldflokk ( tollflokkur: 3707-9035 - mestu vatnspynningu), þrátt fyrir að notkun efnanna sé 1:4, þ.e. tollflokkur 3707-9034. Þetta gerir tollstjóri þrátt fyrir að L. ehf hafi ítrekað bent á við svart/hvíta myndvinnslu eru mjög mismunandi vinnsluáðferðir, allt eftir kröfum um hraða myndvinnslu og endingu mynda (sjá m.a. bréf okkar til tollstjóra dags. 14.júlí 2006) Tollstjóri gætir ekki að meðalhófsreglu 11. greinar stjórnsýslulaga nr 37/1993 í þessu tilliti.

Tollstjóri virðist í úrskurði sínum dags. 10.ágúst hafa bætt við óskilgreindum viðbótarkílóafjölda til viðbótar raunþyngd greindra framköllunarefna. Og þannig hækkað úrvinnslugjöld með ólögætum hætti. Þessari kröfu tollstjóra er mótmælt,

sem ólöglegri og í andstöðu við ákvæði 7. greinar laga nr. 162/2002, um úrvinnslugjald

Tollstjóri hefur ranglega bætt við grunn úrvinnslugjalds, vöru ítem nr. 1893870 ILFOSTOP (vætiefni), sem ekki ber úrvinnslugjald, sbr. úrskurð tollstjóra 10.ágúst 2006 bls. 6.

Rétt tollflokkun og þyngd vegna greiðsluskyldu úrvinnslugjalds þessarar sendingar, er að okkar mati svofelld:

Item nr.	Vöruheiti	Tollflokkur	Þyngd kg.	Magn	Þyngd kg.
1992182	2150XL kit	3707-9033	6,00	8	48,00
1960457	ID-11 dev.	3707-9099	0,114	40	4,56
1756948	Ilfo fixer	3707-9099	0,235	40	9,40
1984262	Ra.fixer	3707-9034	1,00	10	10,00
1984253	Ra.fixer	3707-9034	0,50	10	5,00
1984565	Ra.fixer	3707-9034	5,00	10	50,00
1757855	Multig.dev.	3707-9035	5,00	5	25,00
1757314	PQU dev.	3707-9035	5,00	4	20,00
1975499	Multigr.dev.	3707-9035	0,50	20	10,00
1975554	PQU dev.	3707-9035	1,00	20	20,00
Alls kg.					201,96

Tollflokkur:	3707-9033	48,00 kg. x pr.kg.	97,50	=	4.680,00
	3707-9034	65,00 kg. x pr.kg.	117,00	=	7.605,00
“ “	3707-9035	75,00 kg. x pr. kg	234,00=	=	17.550,00
“ “	3707-9099	13,96 kg. x pr.kg.	234,00	=	3.267,00

Alls 201,96 kg. kr. 33.102,00

Úrvinnslugjald greitt við innflutning kr. 3.998,00

Úrvinnslugjald skv. úrskurði tollstj. kr. 38.122,00

Alls kr. 42.120,00

Oftekin úrvinnslugjöld tollstjóra vegna sendingarinnar eru því kr. 9.018,00

### **E SEL 28 10 2 GB IMM W055 ( fylgiskjal nr. 19-A )**

Kröfur tollstjóra varðandi þessa sending, sbr. úrskurð tollstjóra dags. 10 ágúst 2006 eru eftirfarandi:

Gjaldskyld þyngd ( með umbúðum ) 108,00 kg

Tollflokkar: 3707-9035

Viðbótar úrvinnslugjald: Krafa tollstjóra kr. 24.204,00

Varðandi þessa sendingu þá benda L. ehf. á eftirfarandi:

Rétt tollflokkun og þyngd vegna greiðsluskyldu úrvinnslugjalds þessarar sendingar er að okkar mati svofelld:

Item nr.	Vöruheiti	Tollflokkur	Þyngd kg Per eining	fjöldi	þyngd alls kg
----------	-----------	-------------	------------------------	--------	------------------

1984253	Fixer 0,5ltr	3707-9034	0,50	10	5,00
1984262	Ra.fixer	3707-9034	1,00	10	10,00
1757855	Multigr.dev.	3707-9034	5,00	5	25,00
1757314	PQU dev.	3707-9035	5,00	10	50,00
1976397	Ilfotec	3707-9035	1,00	3	3,00
1984262	Ra.fixer	3707-9034	1,00	10	30,00
1975480	Multigr.dev.	3707-9035	0,50	10	5,00
Alls kg.					128,00

Aðrar vörur á reikningi bera ekki úrvinnslugjald

Tollflokkur: 3707-9034	70,00 kg	x kr. 117,00 =	8.190,00
“ “ 3707-9035	58,00 kg	x kr. 234,00 =	13.572,00
Alls	128,00 kg	kr.	21.762,00
Úrvinnslugjald greitt við innflutning		kr.	1.073,00
Úrvinnslugjald greitt sbr. úrskurð tollstjóra		kr.	24.204,00
Alls		kr.	25.277,00

Ofgreidd úrvinnslugjöld til tollstjóra alls vegna þessarar sendingar kr. 3.515,00 (án virðisaukaskatts og dráttarvaxta).

### **E BRU 16 12 2 GB IMM W050 (fylgiskjal nr. 22 )**

Kröfur tollstjóra varðandi þessa sendingu, sbr. úrskurð tollstjóra dags. 10 ágúst 2006 eru eftirfarandi:

Viðbótar úrvinnslugjöld kr. 61.425,00

Gjaldskyld þyngd ( með umbúðum ) 319,00 kg

Tollflokkar: 3707-9033, 3707-9035, 3707-9099

Varðandi þessa sendingu þá benda L. ehf. á eftirfarandi:

Engin einingarverð eru í úrskurði tollstjóra, aðeins heildarupphæð úrvinnslugjalds kr. 61.425,00 fyrir þessa sendingu. Þessum galla á framsetningu kröfu tollstjóra er mótmælt.

Í úrskurði tollstjóra dags. 10.ágúst 2006, er ekki rétt tollflokkun, þar sem tollstjóri setur efnablöndur ávallt í hæsta gjaldflokk (mestu vatnsþynningu). Þetta gerir tollstjóri þrátt fyrir að L. ehf hafi ítrekað bent á við svart/hvíta myndvinnslu eru mjög mismunandi vinnsluáðferðir, allt eftir kröfum um hraða myndvinnslu og endingu mynda (sjá m.a. bréf okkar til tollstjóra dags. 14.júlí 2006) Tollstjóri gætir ekki að meðalhófsreglu 11. greinar stjórnsýslulaga nr 37/1993 í þessu tilliti.

Einnig bætir tollstjóri við þyngd umbúða til að hækka grunn spilliefna/úrvinnslugjalds, þrátt fyrir þá staðreynd að umbúðir hafa aldrei fengið neina spilliefnaúrvinnslu, enda er innflytjanda/notanda gert skylt að greiða fyrir förgun allra umbúða, og hefur sá háttur gilt til apríl 2006, en þá var hætt innheimtu sérstaks gjalds við förgun af umbúðum, sem gengið hefur undir ýmsum nöfnum á liðnum árum t.d. spilliefnagjald-förgunargjald eða úrvinnslugjald. Sjá nánara í bréfum okkar til tollstjóra m.a. dags. 14.júlí 2006.

Tollstjóri hefur ranglega bætt við grunn úrvinnslugjalds, vöru ítem nr. 1893870 ILFOSTOP (vætiefni), sem ekki ber úrvinnslugjald, sbr. úrskurð tollstjóra 10.ágúst 2006 bls. 6.

Rétt tollflokun og þyngd vegna greiðsluskyldu úrvinnslugjalds þessarar sendingar, er að okkar mati svofelld:

Item nr.	Vöruheiti	Tollflokkur	Þyngd kg.	Magn	Þyngd kg.
1984565	Ra.fixer	3707-9034	5,00	10	50,00
1975499	Multigr.dev.	3707-9035	0,5	20	10,00
1992182	2150 kit	3707-9033	6,00	8	48,00
1984262	Ra.fixer	3707-9034	1,00	40	40,00
1984565	Ra.fixer	3707-9034	5,00	20	100,00
1757314	PQU dev	3707-9035	5,00	10	50,00
1975554	PQU dev.	3707-9035	1,00	10	10,00
1960457	ID-11 dev	3707-9099	0,114	10	1,14

Alls kg 309,14

Tollflokkur:	3707-9033	48,00 kg. x pr.kg. 97,50	=	4.680,00
	3707-9034	190,00 kg. x pr.kg. 117,00	=	22.230,00
“ “	3707-9035	70,00 kg. x pr.kg. 234,00	=	16.380,00
“ “	3707-9099	1,14 kg x pr.kg. 234,00	=	267,00

Alls 309,14 kg. kr. 43.557,00

Úrvinnslugjald greitt við innflutning kr. 5.265,00

Úrvinnslugjald skv. úrskurði tollstj. kr. 61.425,00

Alls kr. 66.690,00

Oftekin úrvinnslugjöld tollstjóra vegna sendingarinnar eru því kr. 23.133,00

Að lokum segir í kærinni að Íslensk stjórnvöld hafi gengið lengra en flest önnur lönd í upphæðum spilliefna/úrvinnslugjalda og að hans vitund eina landið í heiminum þar sem innheimt er úrvinnslugjald við innflutning, en ekki við förgun. Þetta tryggi ríkissjóði tekjur, en tryggir ekki að spilliefnunum sé skilað með sannanlegum hætti til förgunar.

Með tilkomu úrvinnslugjalda hafi verið á ýmsum framköllunarefnum allt að þrefaldast. Með slíkum kostnaðarauka aukist hættan á “heimabruggi”. Öll frumefni fyrir ljósmyndavinnslu fáist hjá lyfjaheildsölum hérlendis og efnabekking er algeng hjá viðkomandi aðilum.

Það skiptir því máli að innheimta á úrvinnslugjöldum fari ekki út fyrir lagaramman og umhverfið beri ekki meiri skaða af notkun efna, sem hvergi koma fram til greiðslu úrvinnslugjalda vegna hugsanlegrar “ heimaframleiðslu “.

Kæran var send tollstjóranum í Reykjavík til umsagnar með bréfi dags. 10. nóvember 2006. Í svari sem barst nefndinni þann 7. desember segir m.a. að það komi víða fram hjá kæranda að hann telji tollflokun ranga í hinum kærða úrskurði. Þetta sé talið upp



Í athugasemdum við hverja sendingu í kæru hans til ríkistollanefndar. Tollstjóri segir að við gagnaöflun í málinu, áður en kveðinn var upp úrskurður, hafi farið fram umfangsmikil rannsókn á sýnishornum af þeim vörum sem um ræðir þar sem litið var til tollflokunar. Ekkert nýtt hafi komið fram hjá kæranda sem gæti hnekkst þeim niðurstöðum. Fullyrðingum kæranda um ranga tollflokun er því mótmælt og þess almennt krafist að sú tollflokun sem kemur fram í hinum kærða úrskurði verði lögð til grundvallar.

Varðandi þá fullyrðingu kæranda að tollstjóri hafi ekki rækt leiðbeiningarskyldu samkvæmt stjórnarsýslulögum segir m.a. í greinargerð tollstjóra að samkvæmt 27. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands skuli birta lög og fer um birtinguna að landslögum sbr. lög nr. 15/2005 um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað. Öllum á því að geta verið það ljóst hver séu rétt lög á hverjum tíma, og sé það grundvallarregla íslensks réttar, að ekki dugi að bera fyrir sig vanþekkingu á lögum. Engin ríkari leiðbeiningarskylda stjórnvalds sé fyrir hendi vegna þess eins að sett hafi verið ný lög. Þá sé það eitt ekki fallið til ríkari leiðbeiningarskyldu, að álagning úrvinnslugjalds kunni að vera öðruvísi hérlendis, heldur en hjá öðrum þjóðum. Hafi kærandi kynnt sér rækilega fyrirkomulag gjaldtöku úrvinnslugjalds erlendis, ætti honum að vera jafn auðvelt að þekkja slíkt fyrirkomulag hér á landi. Fullyrðingum kæranda um að leiðbeiningarskyldu hafi ekki verið fullnægt er þess vegna mótmælt.

Hvað varðar það atriði í kæru kæranda að dráttur á málsmeðferð sé gríðarlegur og þess vegna hafi dráttarvextir hlaðist upp segir í greinargerð tollstjóra að þess beri að geta að frestur til endurákvörðunar aðflutningsgjalda sé sex ár aftur í tímann frá tollafgreiðsludegi sbr. 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987. Kærandi hafi verið látinn vita með bréfi 18. júlí 2005 að fyrirhugað væri að endurákværða aðflutningsgjöld þau sem hér um ræðir. Í kjölfar bréfaskrifta og andmæla kæranda hafi verið ráðist í umfangsmikla könnun sem unnt væri að byggja á við endurákvörðunina. Jafnframt hafi kæranda verið tjáð

Varðandi það atriði í kærinni að engan rökstuðning sé að finna fyrir auknu úrvinnslugjaldi í úrskurðinum og að sundurliðunum sé áfátt segir tollstjóri að í úrskurðinum sé fjallað almennt um niðurstöður þeirrar könnunar sem tollstjóri framkvæmdi og lagði til grundvallar við útreikning úrvinnslugjalds. Þá sé í II. kafla úrskurðarins fjallað ítarlega um tollflokun. Í kjölfarið sé síðan vísað til þessarar umfjöllunar, þegar fjallað sé um tollflokun og álagningu á einstakar sendingar, enda meira eða minna um sömu vörur að ræða. Útskýringar og sundurgreiningar hafi verið settar fram með þessum hætti til hagræðis. Fullyrðingum um að álagning úrvinnslugjalds sé órökstudd er því mótmælt.

Þá sé fullyrt í kærinni að álagning úrvinnslugjalds sé ekki í samræmi við 7. gr. laga nr. 162/2002 um úrvinnslugjald. Telja verði að hér eigi kærandi almennt við 7. gr. a. laga um úrvinnslugjald. Á bls. 5 í úrskurði tollstjóra komi fram hvaða umbúðir tollstjóri telji, að skuli vera grundvöllur álagningar úrvinnslugjalds, miðað við orðalag 7. gr. a. laga um úrvinnslugjald. Ennfremur sé þar vísað til orðskýringa í 7. tl. 2. gr. laganna. Samkvæmt þessum ákvæðum ber að leggja úrvinnslugjald á vöru miðað við þyngd hennar að umbúðum meðtöldum. Miðað við þetta og með vísan til þess sem kemur fram í hinum kærða úrskurði mótmælir tollstjóri því að álagning úrvinnslugjalds hafi ekki verið til samræmis við 7. gr. a. laga um úrvinnslugjald.

Loks sé í kæru til ríkistollanefndar víða fullyrt, að innra ósamræmi sé í úrskurði tollstjóra. Þetta komi víða fram í kærinni. Álagning úrvinnslugjalds gangi því í

berhögg við það sem segi á bls. 6 í úrskurðinum um að svonefnd vætiefni beri ekki úrvinnslugjald.

Tollstjóri bendir á að þær vörur sem hér um ræðir séu í úrskurði tollstjóra taldar hafa verið rangt tollflokkaðar, og er sú tollflokkun leiðrétt af tollstjóra sjálfum. Það tollskrárnúmer sem talið er eiga við ber hins vegar eftir sem áður úrvinnslugjald, þ.e tollskrárnúmer 3707.9035, og segir ekkert annað á bls. 6 í úrskurði tollstjóra. Því sé hér um einhvern mislestur að ræða og er fullyrðingum í kærú, um að innbyrðis ósamræmi sé í úrskurðinum, mótmælt á þessum forsendum. Að öðru leyti vísast til hins kærða úrskurðar og röksemda tollstjóra sem þar koma fram.

Með hliðsjón af öllu framansögðu krefst embætti tollstjóra þess, að hinn kærði úrskurður staðfestur.

Greinargerð tollstjóra var send kæranda til umsagnar með bréfi dags. 7. desember 2006. Í svari sem barst nefndin þann 29. s.m. eru fyrri kröfur ítrekaðar og eru þær þessar helstar. Að ekki séu sundurliðanir né einingaverð á útreikningum úrvinnslugjalds í úrskurði tollstjóra. Að tollstjóri bæti við óskilgreindri viðbótarþyngd við efnavöru vegna umbúða og hækki þannig grunn úrvinnslugjalds í andstöðu við ákvæði 7.gr.laga nr.162/2002. Að fixerefni sé ávalt sett í tnr. 3707.9035. Ennfremur að nokkrum tilfellum sé ranglega bætt við grunn úrvinnslugjalds vætiefnunum ILFOSTOP og ILFOTOL. Þá er vikið að því sem kærandi telur vera vanrækslu embættis tollstjóra um endurskoðun og leiðbeiningarskyldu, sem í þessu tilviki sé allt að 4 ára og 8 mánaða dráttur á málsmeðferð. Að lokum mótmælir kærandi dráttarvaxtakröfu tollstjóra.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið, skoðað framlögð gögn og leitað umsagnar sérfræðinga um tiltekin atriði.

Kærð er endurákvörðun tollstjóra dags. 10. ágúst 2006 en þar endurákvörðar tollstjóri gjöld vegna vangreiddra úrvinnslugjalda og rangrar tollflokunar á alls tuttugu og fimm sendingar sem tollafgreiddar voru frá 14. janúar 2002 til 8. mars 2005. Um er að ræða vörur til ljósmyndagerðar. Alls nemur endurákvörðun tollstjóra kr. 2.427.362,00 með dráttarvöxtum. Kærandi krefst þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og til vara að honum verði endurgreiddar kr. 421.020,00- sem hann telur að fyrirtækið hafi ofgreitt til tollstjóra.

Í hinni kærðu endurákvörðun er tollflokkun á framköllunarvökva svonefndum ILFORD Fixer breytt úr tnr. 3707.9034 í tnr. 3707.9035. Í málatilbúnaði kæranda er því haldið fram að nefndur framköllunarvökvi sé í langflestum tilfellum ekki blandaður meir en sem nemur einn á móti fjórum af vatni. Sú blöndun tryggi best endingu mynda.

Ef blöndun efnisins er ekki meiri en sem nemur einn á móti fjórum þá ber að tollflokka vöruna í tnr. 3707.9034. Þetta tollskrárnúmer ber lægra úrvinnslugjald en það tollnúmer sem tollstjóri gerir kröfu um að varan verði tollflokkuð í, þ.e. í tnr. 3707.9035.

Í upplýsingum framleiðanda um þessa vöru segir að blanda eigi hana í tilteknum hlutföllum allt eftir notkun vörunnar. Fyrir filmuvinnslu er varan blönduð í

hlutföllunum 1:4. Fyrir vélræna framköllun á pappír er varan blönduð í hlutföllunum 1:4 en ef um handvinnslu á pappír er að ræða er efnið blandað 1:4 eða 1:9. Ljóst er að frá hendi framleiðanda er efnið ætlað að virka hvort sem það er blandað 1:4 eða 1:9. Það er val hvers og eins og fer eftir því hvernig verið er að framkalla í það og það skiptið. Við athugun nefndarmanna um skil þessara efna til spilliefnamóttöku hefur komið í ljós að skilað hefur verið til förgunar töluvert meira magni af þessum efnunum en tollflokkun við innflutning bendir til. Af þessu má draga þá ályktun að hluti af þessum efnunum hafi verið rangt tollflokkaður við innflutning miðað við notkun þeirra. Nefndarmenn telja að efnið beri að tollflokka eftir innihaldi og virkni þess. Þá ber að hafa í huga túlkunarreglu 3 c í athugasemdum við tollskrá en þar segir: *“Ef eigi er unnt að flokka vörur eftir reglum a-eða b- liðar 3. töluliðar hér á undan skal telja þær til þess vöruliðar sem síðastur er þeirra vöruliða sem að jöfnu koma til álita.”* Með vísan til upplýsinga framleiðanda af virkni efnisins og vörulýsingu og með vísan til túlkunarreglu 3 c við tollskrá staðfestir ríkistollanefnd hina kærðu tollflokkun tollstjóra á ILFORD fixerefnum í tnr. 3707.9035.

Þá staðfestir ríkistollanefnd athugasemd tollstjóra um rangt upprunaland hluta af hinni innfluttu vöru.

Kærandi mótmælir því í kæru sinni að umbúðir vörunnar myndi stofn að gjalddöku spilliefnagjalds. Í 7. lið 2. gr. a skiptingar laga nr.162/2002 um úrvinnslugjald er tilgreint hvað séu umbúðir. Þar segir orðrétt í nefndum a lið *”söluumbúðir eða grunnumbúðir, þ.e. umbúðir sem eru þannig gerðar að á sölustað mynda þær söluveiningu fyrir notanda eða neytanda.”* Af gögnum má ráða að smásöluveining vöru þeirrar sem hin kærða tollskrárbreyting tekur til, sé annað hvort pökkuð í plastflöskur eða í plastpoka og pappakassa þar utan um. Það er því ljóst samkvæmt laganna hljóðan að þessar umbúðir mynda smásöluveiningu fyrir notanda eða neytanda og ber því að greiða úrvinnslugjald af heildarþyngd vörunnar í smásöluumbúðum.

Ljóst er að sendingar þær sem hér er verið að fjalla um voru allar tollafgreiddar pappírslaut, þ.e. í SMT tollafgreiðslu. Fram kemur í málatilbúnaði kæranda að hann hafi í samtölum fengið upplýsingar frá upplýsingafulltrúa tollstjóra um hvernig tollflokka ætti vöruna. Miða ætti tollflokkun við meðaltalsblöndun efnisins. Kærandi aflaði sér hins vegar ekki *“Bindandi álits um flokkun vöru”* skv. 142. gr. þágildandi tollalaga og hefur því ekki í höndum skriflegt álit tollstjóra um fyrrgreindar upplýsingar. Nefndarmenn hafa margoft í úrskurðum sínum bent á nauðsyn þess að sé minnsti vafi á tollflokkun vöru, skuli innflytjendur verða sér úti um Bindandi álit um flokkun vöru en með þeim hætti getur innflytjandi tryggt sig gagnvart því að tollstjóri geri kröfu um gjöld aftur í tímann.

Eins og fram kemur hér að framan eru sendingarnar allar fluttar inn í SMT tollafgreiðslu og þar af leiðir er afgreiðsla alfarið á ábyrgð innflytjanda sbr. 16. gr. þágildandi tollalaga nr. 55/1987 ( 32. gr. nógildandi laga nr 88/2005). Vakin er athygli á því að löggjafinn hefur ekki séð ástæðu til að þrengja heimild tollstjóra til endurákvörðunar á rafrænum tollafgreiðslum í nýjum tollalögum sbr. 111. gr. nógildandi tollalaga nr. 88/2005.

Í 4. mgr. 7. gr. laga nr. 162/2002 um úrvinnslugjald er kveðið á um að gjaldskyldur aðili skuli við tollafgreiðslu gefa upp þyngd umbúða í vörusendingu til tollafgreiðslu samkvæmt staðfestum upplýsingum þar um. Ef þyngd liggur ekki fyrir skal miða við reiknireglur í viðauka 18 við lögin. Tollstjóri hefur við endurákvörðun sína miðað við vigtun sambærilegra umbúða og þeirra sem fluttar voru inn á sínum tíma, að viðbættum 40 gr. per einingu. Kærandi hefur nú lagt fram staðfesta vigtun umbúða af

opinberum aðila. Með vísan í tilvitnaðar lagagreinar skal vigtun sú sem kærandi hefur nú lagt fram lögð til grundvallar útreikningi gjalds. Í þeim tilvikum sem umbúðir liggja ekki fyrir skal gjaldtaka miðast við reiknireglur laganna

Í kærinni kemur fram kvörtun um langan aðdraganda fyrir úrskurð tollstjóra. Aðdragandi málsins er að með bréfi tollstjóra dags. 18. júlí 2005 er innflytjanda vörunnar tilkynnt um fyrirhugaða endurákvörðun. Innflytjandi svarar með tölvubréfum dags. 26. júlí og 26. ágúst 2005. Með bréfi dags 21. september 2005 er innflytjanda tilkynnt af hálfu tollstjóra að málið sé í vinnslu og sökum umfangs er þess getið að endanleg úrvinnsla tefjist. Tollstjóri sendir innflytjanda vörunnar bréf dags. 30. júní 2006 þar sem honum er á ný tilkynnt um fyrirhugaða endurákvörðun. Með bréfi dags. 14. júlí 2006 mótmælir kærandi fyrir hönd innflytjanda fyrirhuguðum úrskurði. Úrskurður er kveðinn upp hinn 10. ágúst 2006 og birtur innflytjanda. Ljóst er að frá því að málið er opnað með bréfi tollstjóra dags 18. júlí 2005 og þar til að úrskurður er upp kveðinn líður rúmt ár. Nefndarmenn taka undir það með kæranda að það er langur tími og það gerir tollstjóri líka í reynd þegar hann slær af dráttarvöxtum sökum langs málsmeðferðartíma. Að mati ríkistollanefndar er það ávallt viðurhlutamikil ákvörðun að ákveða að endurávarða aftur í tímann af vörum sem búið er að flytja inn og tollafgreiða. Tollstjóra ber því að undirbúa mál vel áður en hann sendir bréf eins og hann gerði hinn 18. júlí 2005. Í ljósi þess langa tíma sem það hefur tekið tollstjóra að kveða upp endanlegan úrskurð í málinu telur ríkistollanefnd rétt að miða útreikning dráttarvaxta við 30. júní 2006, þ.e þegar innflytjanda var tilkynnt á ný um fyrirhugaða endurákvörðun. Við þessa ákvörðun þykir ríkistollanefnd einnig rétt að horfa til 114. gr. núgildandi tollalaga en í henni er þrengd heimild tollstjóra til að krefja um dráttarvexti í málum sem þessu.

Kærandi telur að tollstjóri hafi ekki uppfyllt leiðbeiningarskyldu skv. III. kafla Stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Í 7. gr. laganna er kveðið á um leiðbeiningarskyldu stjórnvalda. Þar segir: *“Stjórnvald skal veita þeim sem til þess leita nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar varðandi þau mál sem snerta starfssvið þess.”* Eins og fram hefur komið eru allar sendingarnar afgreiddar í SMT tollafgreiðslu. Tollstjóri hefur í því tilfelli engin tók á að sjá hvaða gögn liggja að baki tollmerkingu innflytjanda. Gerðar eru þær kröfur að innflytjandi kynni sér þau lög og reglur sem í gildi eru í það og það skiptið. Eins og fram kemur hér að ofan ber innflytjandi einn ábyrgð á þeim gögnum sem hann leggur fram við tollafgreiðslu sbr. 16. gr. þágildandi tollalaga. Ennfremur hefur það komið fram að innflytjandi leitaði ekki eftir Bindandi álitum um tollflokkun vöru þeirrar sem deilt er um tollflokkun á sbr. 142 gr. þágildandi tollalaga. Nefndarmenn fá því ekki séð að tollstjóri hafi brugðist skyldum sínum um leiðbeiningu í þessu máli.

Með vísan til framanritaðs kveður ríkistollanefnd upp eftirfarandi úrskurð:

Með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 og almennra reglna um túlkun tollskrár 3.c. svo og laga nr. 162/2002 um úrvinnslugjald, sbr. rgl. 1124/2005 er hinn kærði úrskurður tollstjóra felldur úr gildi. Tollflokkun tollstjóra og athugasemdir um upprunaland vöru eru staðfestar. Við útreikning úrvinnslugjalds skal miða við hina breyttu tollflokkun tollstjóra, en leggja til grundvallar útreikningi gjalda staðfesta þyngd umbúða sem kærandi hefur lagt fram eða e.a. miða við reiknireglu laga um úrvinnslugjald. Útreikning dráttarvaxta skal miða við 30. júní 2006.